

Tilvísun í mál: ANR20110347

Sveitarfélagið Dalabyggð,

Með rafbréfi frá 24. nóvember 2020, var upplýst um ákvörðun um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima. Ráðuneytið þakkar erindið en óskað var athugasemda vegna skipulags og matslýsingar.

Ráðuneytið vísar af þessu tilefni til þess að skipulagslög gera ráð fyrir að meðal flokka landnotkunar samkvæmt skipulagsáætlunum sé land til landbúnaðar, en samkvæmt jarðalögum skal tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota og er óheimilt að taka land sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði eða land sem nýtanlegt er eða nýtt til landbúnaðar, þ.m.t. afrétti, til annarra nota (breyta landnotkun) nema aflað sé leyfis ráðherra að gættum ákvæðum 6. gr. laganna.

Vísast af þessu tilefni til 2. og 4. mgr. 6. gr. jarðalaga, þar sem segir:

Óheimilt er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 hektarar eða stærra, nema leyfi ráðherra liggja fyrir. Við undirbúning á endurskoðun eða breytingu á aðalskipulagi, þegar breyta á landnotkun lands sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði, skal sveitarfélag óska skriflega eftir leyfi ráðherra áður en landnotkun er breytt með breytingu á skipulagi. Ef beiðni um breytingu á landnotkun varðar fleiri en eitt svæði, sem ber að skoða sem eina heild, skal miða við að landsvæðið í heild sé 5 hektarar eða stærra.

[...]

Við mat sveitarfélaga á því hvort afla skuli leyfis ráðherra skv. 2. og 3. mgr. skal annars vegar taka mið af flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi og hins vegar stefnu stjórnvalda um flokkun landbúnaðarlands. Liggja flokkun landbúnaðarlands ekki fyrir skal sveitarfélag óska eftir umsögn ráðunautar um viðkomandi land þar sem leggja skal mat á stærð lands, staðsetningu lands, ræktunarskilyrði, ræktun sem þegar er þar stunduð eða er fyrirhuguð og hvort breyting á landnotkun hafi áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði. Beiðni sveitarfélaga skal berast ráðherra skriflega, ásamt skipulagstillögu og nauðsynlegum gögnum.

Þess er beiðst að sveitarfélagið fari yfir þessi ákvæði og leitist við að hafa þau í huga við téða breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima.

Bestu kveðjur,

Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi

Skrifstofa matvæla og landbúnaðar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation

Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700

www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)